

bænda
FERÐIR

DÝRÐARDAGAR Á ÍTALÍU



26. ágúst – 2. september 2023
Fararstjórn: Íris Sveinsdóttir

Sumar 19
Ítalía

Ferðalýsing

Hér er á ferðinni glæsileg vikuferð til Ítalíu í strandbæinn Chioggia þar sem við njótum sólar á gylltri ströndinni á töfrandi stað við **Feneyjarlónið**. Ferðin byrjar í **Bologna** en elsti hluti borgarinnar er einn af best varðveittustu borgarhlutum Evrópu. Áð verður í miðaldabænum **Ferrara** á leið til Chioggia. Við kynnumst töfrandi **Veneto** héraði og skemmtilegu háskólaborginni **Padua**. Fallega borgin **Vicensa** er með ítölskum léttleika og miðjarðarhafsblæ en arkitektinn Palladio prýddi borgina með stórkostlegum byggingum. **Feneyjar**, ein mest heillandi borg Evrópu, verður heimsótt en hún hefur löngum verið kölluð drottning **Adríahafsins** og ekki að ástæðulausu því hún er einn eftirsóttasti ferðamannastaður álfunnar. Við **Canal Grande** gefur að líta einar 200 glæsilegar hallir og á **Markúsartorginu** trónir glæsileg **Markúsarkirkjan** og minnir á höllina úr ævintýrinu Þúsund og ein nótt. Að síðustu verður litli miðaldabærinn **Cittadella** sóttur heim en hann er umvafinn virkisveggjum frá 12. öld og er einstaklega hrífandi.

8 dagar | 7 nætur

1 nótt Bologna | 6 nætur Chioggia



26. ágúst | Flug til Bologna

Brottför frá Keflavík kl. 15:00 og mæting í Leifsstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Bologna kl. 21:25 að staðartíma og gist í nágrenni borgarinnar fyrstu nóttina.

27. ágúst | Bologna, Ferrara & Chioggia

Eftir góðan morgunverð verður ekið inn í Bologna þar sem farið verður í skemmtilega skoðunarferð um þessa líflegu og sögulegu borg sem er höfuðborg Emilia-Romagna héraðsins. Elsti hluti borgarinnar er einn af best varðveittustu borgarhlutum Evrópu og sérstaklega áhugaverðar eru yfirbyggðu göngugötturnar, sem komnar eru á heimsminjaskrá UNESCO, og skökku turnarnir, Asinelli og Garisenda. Eftir það verður stefnan tekin á miðaldabæinn Ferrara þar sem við fáum okkur hádegisverð áður en ferðin heldur áfram til Chioggia við Feneyjarlónið. Chioggia er kallaður systurbær Feneyja vegna þess að í honum eru töfrandi brýr og litrík skemmtileg hús sem minna á Feneyjar.

Þar gistum við í sex nætur en á hótelinu er útisundlaug, heilsulind, líkamsrækt og framan við það er einkabaðströnd.



28. ágúst | Skemmtilegur dagur í Padua

Þessi skemmtilegi dagur byrjar með akstri til hinnar fornu háskólaborgar Padua. Í borginni skoðum við okkur um með heimamann í broddi fylkingar og fræðumst um viðburðaríka sögu einnar elstu borgar Ítalíu. Margt kemur þar á óvart og gleður augað. Háskóli borgarinnar er með virtustu menntastofnunum í landinu, hann var stofnaður á 13. öld og er þriðji elsti háskóli landsins. Borgin er mjög fjörleg og alltaf er líf á torginu Prato della Valle sem er eitt stærsta torg í Evrópu. Eftir skoðunarferðina verður gefinn frjálts tími til að kanna borgina á eigin vegum og líta inn á kaupmenn borgarinnar sem eru ófáir. Ekki má gleyma fallega kaffihúsinu Pedrocchi frá 1831 sem allir ættu að heimsækja.



29. ágúst | Vicenza, útimarkaður & Berico fjall



Vicenza er ein fallegasta borgin í nágrenni Feneýja með sínum ítalska léttleika og miðjarðarhafsblæ. Á 16. öld prýddi arkitektinn Palladio borgina með sínum stórkostlegu byggingum og er það ástæðan fyrir því að elsti hluti borgarinnar er komin á UNESCO heimsminjaskrá. Það er nánast heilög skylda sérhvers ferðalangs að skoða glæsilegar byggingar hans t.a.m. Teatro Olimpico útileikhúsið, Basilica Palladiana kirkjuna og Palazzo Chiericati. Eftir skemmtilega skoðunarferð verður frjálts tími til að upplifa borgina á eigin vegum og skoða útimarkaðinn. Við endum daginn á að fara upp á Berico fjallið en þaðan er glæsilegt útsýni yfir borgina og sveitir landsins. Hér er kúpulkirkjan Monte Berico sem er alveg þess virði að skoða áður en ekið verður til baka á hótelið.

30. ágúst | Hvíldardagur í Chioggia

Nú er upplagt að njóta þess að eiga rólegan dag og nota frábæra aðstöðu hótelsins. Einnig er gaman að fara í gönguferð um bæinn og upplagt að líta svo inn á kaupmenn bæjarins.

31. ágúst | Töfrandi dagur í Feneýjum

Í dag höldum við í skemmtilega skoðunarferð og siglum inn til Feneýja sem er yndisleg borg. Auður og íburður margs konar blasir hvarvetna við í borginni. Við röltum um hellulagðar og hlykkjóttar götur, yfir fjöldamargar brýr og á vegi okkar verða stórfenglegar sögulegar byggingar s.s. hertogahöllin, sem er ein glæsilegasta bygging



borgarinnar. Við skoðum líka Markúsartorgið þar sem Markúsarkirkjan glæsilega stendur. Hún er ein merkilegasta kirkjubygging veraldar, byggð í austrænum stíl og minnir á höllina úr ævintýrinu Þúsund og ein nótt. Við komum að hinni frægu Rialto brú sem liggur yfir Grand Canal skurðinn sem mun vera 3,8 km langur og 900 m breiður og við hann standa hvorki fleiri né færri en 200 hallir. Upplagt að fá að fljóta með einhverjum gondólaræðaranum um þröng en heillandi síki borgarinnar, margir hverjir skemmta

farþegum sínum með söng, t.d. O sole mio. Og auðvitað verður frjálstími til að njóta borgarinnar á eigin vegum.

1. september | Hrífandi dagur í virkisbænum Cittadella



Cittadella, þennan litla, fallega miðaldabæ, er einstaklega gaman að heimsækja. Hann er með heillega virkisveggi frá 12. öld sem hægt er að ganga eftir allan hringinn eða tæplega 1,5 km. Hér er sjálfsagt að eyða góðum tíma í að rölta um bæinn sem býður upp á litlar heillandi verslanir og skemmtileg kaffi- og veitingahús. Hér er hægt að fá sér hádegishressingu áður en ekið verður til baka á hótelið.

2. september | Heimferð frá Bologna

Nú er komið að heimferð eftir ljúfa og skemmtilega daga. Við kveðjum Chioggia um hádegi og setjum stefnuna á Bologna þar sem gefin verður frjálstími til að líta inn á kaupmenn borgarinnar og skoða borgina betur á eigin vegum. Upplagt er að fá sér snemmbúinn kvöldverð áður en ekið verður út á flugvöll í Bologna. Brottför þaðan kl. 22:25 og landing í Keflavík kl. 01:00 að staðartíma .



Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Verð

295.900 kr. á mann í tvíbýli | 31.900 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Play til Bologna og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður á hótélum.
- ✓ Hádegisverður í Ferrara.
- ✓ Sigling frá Tronchetto til Feneja.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Siglingar, aðrar en frá Tronchetto til Feneja.
- ✓ Hádegisverðir aðrir en í Ferrara.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.



Valfrjálst

- ✓ Virkisveggir í bænum Cittadella u.þ.b. € 10.